

AUGLÝSING

um staðfestingu á deiliskipulagi framhaldsskólalóðar við Grundargötu í Grundarfirði.

Á fundi bæjarstjórnar Grundarfjarðar sem haldinn var þann 12. febrúar 2004, var samþykkt tillaga að deiliskipulagi framhaldsskólalóðar við Grundargötu 44 í Grundarfirði.

Deiliskipulagið tekur til svæðis sem liggur milli Grundargötu 42 og 50. Svæðið er skilgreint sem miðsvæði í aðalskipulagi Grundarfjarðar 2003-2015 og afmarkast af íbúðarsvæði við Sæból í norðri og vestri, Grundargötu í suðri og miðsvæði í austri.

Deiliskipulagstillagan var afgreidd samkvæmt 23. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Framangreint deiliskipulag tekur þegar gildi.

Grundarfirði, 18. febrúar 2004.

Eyþór Björnsson bæjarstjóri.